

Tillaga til þingsályktunar á þskj.128,

## **Um fullan aðskilnað ríkis og kirkju og nýja heildarlöggjöf um starfsemi trú og lífsskoðunarfélaga**

### **Umsögn Fríkirkjunnar í Hafnarfirði**

Fríkirkjusöfnuðurinn í Hafnarfirði er hlynntur aðskilnaði ríkis og kirkju enda var Fríkirkjan í Hafnarfirði stofnuð um þá hugsjón að söfnuðir ættu að mestu að vera án afskipta ríkisvaldsins. Þá er að í texta þingsályktunartillögunnar verði vísað með beinum hætti til ákvæðis 65.gr. stjórnarskrár sem kveður á um að að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til... trúarbragða... o.s.frv. .

#### Greinargerð með umsögn

Fríkirkjan í Hafnarfirði er lúthersk kirkja, hún ræður alfarið sínum málum og er engum háð. Mikill aðstöðumunur er á frjálsum trúfélögum og þjóðkirkjunni hins vegar. Ríkið greiðir laun presta þjóðkirkjunnar og nú liggur fyrir nýr samningur um heildargreiðslu þessa kostnaðar til Biskupsstofu. Fríkirkjan greiðir sjálf laun tveggja presta safnaðarins auk annars kostnaðar við starfseminna.

Sóknargjöld eru megintekjustofn Fríkirkjunnar. Fyrirkomulag sóknargjalda er ævagamalt og allt frá upphafi árið 1913 og hefur Fríkirkjan aflað sóknargjalda sem miðast við fjölda safnaðarbarna á hverjum tíma. Með lögum frá Alþingi 1987 var sóknar- og kirkjugarðsgjaldið fellt inn í staðgreiðslu skatta. Fjárýsla ríkisins annast síðan skil til safnaðarins.

Rétt er að hafa í huga að auk þessa greiðir ríkissjóður hærri upphæð til þjóðkirkjusafnaðanna en til fríkirkna. Hér er átt við 17% viðbótargjald í Jöfnunarsjóð sókna sem fríkirkjur og önnur frjáls trúfélög hafa ekki aðgang að.

Í Fríkirkjusöfnuðinum eru nú skráð um 7.200 safnaðarbörn og þar af 5.300 16 ára og eldri. Fjölgað hefur í söfnuðinum jafnt og þétt mörg undanfarin ár. Starfið er blómlegt og vel sótt. Mikið er leitað til presta safnaðarins í sálgæslu. Þá er fermingarstarfið öflugt og 180 börn sækja þetta árið markvissa fræðslu um trúna, lífið og tilveruna.

Sóknargjaldið hefur rýrnað mikið í verði lengst af í 12 ár með aftengingu laga um sóknargjöld nr. 91, 1987 með “bandormi” við afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Nú er svo komið að stofn þess er ekki nema 61% af virði eins og það var fyrir 2008. Og enn er haldið áfram í framlögðu fjárlagafrumvarpi fyrir 2020, þar sem gjaldið er nánast fryst.

Krafa Fríkirkjusafnaðarins í Hafnarfirði er skýlaus eða sú að sóknargjöldum verði skilað til safnaðarins að fullu og haldlagning ríkisins á hluta þess verði hætt nú þegar. Hjálagt er yfirlit yfir tekjur Fríkirkjunnar í Hafnarfirði af sóknargjöldum og hver þau ættu að vera hefðu þau ekki verið skert. Skv. lögnum miða þau við meðaltekjuskattsstofn einstaklinga og gróflega reiknað hefur ríkið haldið 140-150 millj. kr eftir af sóknargjöldum Fríkirkjunnar í Hafnarfirði.

Rekstur Fríkirkjunnar hefur ævinlega staðið undir sér og fjármálastjórnir er traust. Skuldir eru litlar, en með áframhaldandi einhliða skerðingu Alþingis á virði sókargjaldanna sem fram kemur í fjárlögum, er fjárhag frjálsra trúfélaga mjög svo ógnað á allra næstu árum. Sú spurning verður æ áleitnari með þeim aðstöðumun sem löggjafinn skapar, hvort trúfrelsi ríki í landinu í raun. Það er vissulega stjórnaskrárbundin krafa að ríkisvaldið mismuni ekki þegnum landsins með þessum hætti.

Samþykkt á safnaðarstjórnarfundi Fríkirkjunnar í Hafnarfirði 31. október 2019

Fh. Fríkirkjunnar í Hafnarfirði

Einar Sveinbjörnsson form. safnaðarstjórnar

## Fríkirkjusöfnðurinn í Hafnarfirði - uppreiknuð skuld úr sóknargjaldagrunni

Ár	16 ára og eldri	Fjölgun	Sóknargj. pr. Mán	Árleg greiðsla Fjárskýslunnar	Auka-framlag	Samtals sóknargjöld	Á verðlagi 2019	Uppreiknað sóknargj*	Uppreiknað árlegt	Meðal-vísitala
2003	2,777		597	19,894,428		19,894,428	41,119,236		41,119,236	227.3
2004	2,916	139	617.8	21,618,058		21,618,058	43,291,404		43,291,404	234.6
2005	3,100	184	662.92	24,660,624		24,660,624	47,462,356		47,462,356	244.1
2006	3,262	162	720	28,183,680		28,183,680	50,808,491		50,808,491	260.6
2007	3,403	141	791	32,301,276		32,301,276	55,444,426		55,444,426	273.7
2008	3,590	187	827	35,627,160		35,627,160	54,395,969		54,395,969	307.7
2009	3,735	145	833	37,335,060		37,335,060	50,899,626	925	41,458,500	344.6
2010	3,838	103	767	35,324,952		35,324,952	45,692,903	917	42,233,352	363.2
2011	4,066	228	698	34,056,816		34,056,816	42,361,377	911	44,449,512	377.7
2012	4,247	181	701	35,725,764		35,725,764	42,245,064	979	49,893,756	397.3
2013	4,389	142	728	38,342,304	1,000,034	39,342,338	44,785,632	1,045	55,038,060	412.7
2014	4,561	172	750	41,049,000	2,458,192	43,507,192	48,538,777	1,111	60,807,252	421.1
2015	4,737	176	824	46,839,456		46,839,456	51,413,964	1,170	66,507,480	428.0
2016	4,807	70	898	51,800,232		51,800,232	55,905,695	1,277	73,662,468	435.3
2017	4,968	161	920	54,846,720		54,846,720	58,164,761	1,382	82,389,312	443.0
2018	5,157	189	931	57,614,004		57,614,004	59,514,202	1,479	91,526,436	454.8
2019	5,300	143	934	59,402,400		59,402,400	59,402,400	1,524	96,926,400	469.8

Samtals 2009 -2019: **558,924,401**

**704,892,528**

Mism. **145,968,127**

Meðalskattstofn\*\* Rétt sóknargjald pr. mán

2013	1054.8	Hækkun%	1,045
2014	1121.5	6.3	1,111
2015	1181.3	5.3	1,170
2016	1288.5	9.1	1,277
2017	1395.4	8.3	1,382
2018	1493.1	7.0	1,479
2019	1537.9	3.0	1,524

Ef ekki hefðu komið til sífelldar skerðingar með lögum allt frá 2009 ætti sóknargjaldið að vera um 60% hærra en það er í dag.



\* 2009-2013. Úr Svari við fsp. Birgittu Jónsd. 2013-14, þskj. 793 - 243.mál.

\*\* Staðtölur skatta, 2013-2017. Í millj.kr. Tíund, september 2018.

áætlun/spá

31. okt '19